



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2020

2001069SA GB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um lýsingu fyrir gerð landgræðsluáætlunar - mál 12/2020

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið lýsingu fyrir gerð landgræðsluáætlunar, sem birt var í samráðsgátt 21. janúar sl. Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórn um verkefnið og hefur þar tækifæri til aðkomu að málinu.

Fyrir hönd sambandsins þykir einungis tilefni til örfárra ábendinga við lýsinguna, sem er vel unnin og skýr varðandi inntak verkefnisins.

Tengsl við aðrar áætlanir

Augljóst er að mikill ávinningur er af því að huga vel að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu við gerð landgræðsluáætlunar og er jákvætt að verkefnisstjórn virðist meðvituð um þá vinnu sem fram fer á vegum Skipulagsstofnunar. Einnig þarf vinnan að tengjast með beinum hætti við endurskoðun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Í umsögn um lýsingu vegna gerðar landsáætlunar um skógrækt nefndi sambandið að gefa þurfi gróðureldum töluverðan gaum. Hið sama getur einnig átt við í tengslum við landgræðsluáætlun. Þar sem augljós skörun er á milli þessara tveggja áætlana, sem nú er unnið að á sama tíma, væntir sambandið þess að gott samráð verði á milli verkefnisstjórna þessara verkefna.

Lykilinn að árangri varðandi það að koma áherslum um breytta og bættu landnotkun til framkvæmda er samþætting við aðalskipulag sveitarfélaga. Í vinnu verkefnisstjórnar, eða í kjölfar hennar, væri ástæða til að vinna leiðbeiningar til sveitarstjórna sem byggðar væru á þeirri forsendu að skipulagsáætlanir sveitarfélaga séu að mörgu leyti vannýtt stjórnþæki þegar kemur að landnýtingu og gróðurvernd.

Áherslur í vinnunni

Í vinnu verkefnisstjórnar er að öllum líkindum tilefni til að skoða hvernig löggjöf um landnotkun hafi staðist tímans tönn. Að vísu eru til staðar ný lög um landgræðslu en tengd löggjöf er að stórum hluta komin til ára sinna. Í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 er að finna svohljóðandi áherslu (3.4.6):

Sambandið beiti sér fyrir því að jarðalög og önnur löggjöf um landnýtingu sem tengist landbúnaði, svo sem girðingalög verði endurskoðuð. Í þeirri endurskoðun verði byggt á meginreglum og aðferðum skipulagslaga sem miða að því að sveitarfélög vegi saman ólík sjónarmið þegar ákvarðanir eru teknar um landnotkun. Jafnframt verði horft til landnotkunar innan þjóðlendna þar sem skýra þarf réttindi og skyldur ríkisins sem landeiganda.

Einnig væri æskilegt að tengja vinnu verkefnisstjórnar við mögulega endurskoðun búvörusamninga, þar sem þegar er að finna ákvæði um gæðastýringu sem lýtur m.a. að beitarstjórnun.

Ágangur af völdum gæsa og álfta hefur lengi verið til umræðu. Eðlilegt væri að verkefnisstjórn skoði tillögur um mögulegar aðgerðir í þeim efnum í tengslum við sína vinnu.

Aðgerðir til að sporna við akstri utan vegar gætu mögulega einnig átt erindi í vinnu verkefnisstjórnar en ekki virðist minnst á þann þátt í lýsingu.

Vinnuferlið

Á bls. 6 kemur fram að lokadrög að landgræðsluáætlun verði afhent ráðherra í lok ágúst á þessu ári. Mjög skammur tími er því ætlaður til verkefnisins. Gera þarf ráð fyrir samráði, m.a. við sveitarfélög og er það mat sambandsins að æskilegt væri að hafa tímarammann rýmri, t.d. til loka október, svo hægt verði að vanda til samráðsferlis. Sérstaklega er bent á að þótt gert sé ráð fyrir birtingu á samráðsgátt í sex vikur í júní og júlí er það árstími sem rekst á sumarleyfi hjá sveitarfélögum og stofnunum.

Sambandið væntir þess að allmörg sveitarfélög hafi hug á að koma að samráðsferli og þarf að gera ráð fyrir því í upptalningu á bls. 10-11, þ.e. ekki eingöngu verði samráð við Samband Íslenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og náttúrustofur.

Skýrslur sem vísað er til í lýsingu

Það er vísað til allmargra skýrslna á bls. 6-7. Sambandið bendir á að þar er ekki að finna [skýrslu nefndar um landnotkun](#) sem kom út árið 2010, sem töluvert hefur verið vitnað í og mætti að ósekju bæta henni við upptalningu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri